

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 14/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari ríkisins)

gegn

Guðbergi Hermanni Auðunssyni

og Hermanni Auðunssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar:

Veggspjöldum þeim, sem ákært er út af í máli þessu, er lýst í héraðsdómi. Fallast ber á það mat héraðsdóms, að veggspjöld þessu séu ekki liður í listrænni tjáningu. Myndir þessar eru klámfengnar, og tilbúningur þeirra og dreifing með þeim hætti, er í héraðsdómi greinir, varðar báða ákærðu refsingu samkvæmt 210. gr., 2. málsgrein, almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Svo sem sakarefni er háttað, þykir rétt að mæla svo fyrir samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr., að ákvörðun refsingar hvors hinna ákærðu skuli frestað og hún niður falla, ef þeir gerast ekki sekir um nýtt brot, sbr. 60 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu 2 ár eftir uppsögu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku ber að staðfesta svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Guðbergur Hermann Auðunsson og Hermann Auðunsson, teljast sekir um brot á 210. gr. almennra heg-

ingarlaga nr. 19/1940. Fresta skal ákvörðun refsingar ákærðu og hún niður falla, ef ákærðu gerast ekki sekir um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. nóvember 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 29. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í málinu nr. 504—505/1972: Ákærvaldið gegn Guðbergi Hermanni Auðunssyni og Hermanni Auðunssyni, sem tekið var endanlega til dóms 22. þ. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. apríl s. l., er höfðað „opinbert mál á hendur eigendum útgáfufyrirtækisins Pardus s/f, þeim Guðbergi Hermanni Auðunssyni, forstjóra, Baldursgötu 6, Reykjavík, fæddum 18. júlí 1942 í Hveragerði, og Hermanni Auðunssyni, framkvæmdastjóra, Skipholti 36, Reykjavík, fæddum 15. október 1947 í Reykjavík, fyrir brot samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa látið prenta 2000 myndaspjöld („plaköt“), en á hverju þessara spjalda voru 12 klámfengnar myndir af fólki í ýmiss konar samræðisstillingum. Komu ákærðu síðan nokkrum hluta upplagsins til sölu í verzlun Karnabæjar að Laugavegi 66 í Reykjavík í janúarmánuði 1972, en gáfu ennfremur nokkur af þeim.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærðu sæti upptöku á því upplagi fyrrgreindra myndaspjalda, sem hald var lagt á við rannsókn máls þessa, skv. 69. gr., 1. töl., hegningarlaganna.“

Ákærðu hafa hvorki sætt refsidómi né ákæru og aðeins nokkrum sektum samkvæmt dómssátt, sem hér skiptir eigi máli.

Ákærðu eru bræður. Samkvæmt framburðum þeirra og því, sem með öðrum hætti er fram komið, eru málavextir þessir:

I.

Á hádegi miðvikudaginn 12. janúar s.l. hringdi kona ein á lög-
reglustöðina í Reykjavík og tilkynnti, að í glugga verzlunarinnar
Karnabæjar að Laugavegi 66 hér í borginni væri stillt út stóru
blaði með 12 myndum á. Væri hver þeirra undir ákveðnu stjörnu-
merki og mjög ósiðleg. Þórður Kristjánsson lögreglumaður, Keldu-
landi 5 hér í borg, fór á staðinn og sá þá meðal annars mynda-
spjald í einum glugga verzlunarinnar. Var það eitt af spjöldum
þeim, sem í ákæru máls þessa greinir. Lögreglumenn lögðu hald
á spjaldið og 6 önnur, sem voru á gólfi fyrir innan afgreiðslu-
borð í verzluninni.

Vitnið Guðlaugur Bergmann Daniélsson, Hjarðarhaga 17 hér
í borg, annar aðaleigandi Karnabæjar h/f, sem á fyrrgreinda verzlun,
hefur borið, að nokkru eftir s.l. jól hafi ákærðu komið í skrif-
stofu þess og hafi þeir þá skuldað Karnabæ h/f rúmlega kr.
40.000.00 vegna vöruúttektar. Þeir hafi farið fram á að fá föt
keypt hjá fyrirtækinu með greiðslufresti og í orðaskiptum þeirra
um greiðslu fatnaðarins og hinnar gömlu skuldar hafi þeir sagt
vitninu, að þeir væru með myndaspjald, sem það gæti selt fyrir
þá í umboðssölu. Þeir hafi sýnt vitninu spjaldið, sem hafi verið
sams konar og spjald það, sem í ákæru greinir. Vitnið kveðst
ekkert athugavert hafa séð við spjaldið, og kveðst það hafa séð
það víða erlendis til sölu með enskum texta. Það hafi orðið úr,
að ákærðu hafi afhent nokkur spjöld í verzlunina að Laugavegi
66 til umboðssölu. Minnir vitnið, að talað hafi verið um, að útsölu-
verð hvers spjalds skyldi vera kr. 300.00 og bóknun til verzlunarinnar
kr. 100.00, en útsöluverðið kæmi fyrst til frádráttar hinni gömlu
skuld. Vitnið kveðst ekki hafa tekið sjálfst við spjöldunum og
ekki geta sagt um, hve mörg voru afhent í verzlunina, en and-
virði seldra spjalda hafi ekki numið fjárhæð skuldarinnar.

Ákærðu stofnuðu sameignarfélagið Pardus í marz 1971, og var
tilgangur þess útgáfustarfsemi. Hefur félagið gefið út ferðamanna-
bækling og veggspjöld þau, sem mál þetta rís af. Verða nú rakt-
ir framburðir ákærðu:

Ákærði Guðbergur Hermann kveðst hafa séð bæði í Englandi
og Bandaríkjunum myndaspjöld, áþekk þeim, sem mál þetta
snýzt um, og hafi þau verið seld þar opinberlega. Nokkru fyrir
s.l. jól hafi honum dottið í hug, að Pardus s/f léti gera slík spjöld

til sölu hér á landi. Hann kveðst hafa gert 12 teikningar í þessu skyni, þegar hann var staddur erlendis, og reynt að líkja eftir spjöldunum, sem hann sá í verzlunargluggum, en þó enga fyrirmynd haft við hendina. Hann hafi svo haft teikningarnar með sér hingað til lands og gengið frá þeim hér. Hann kveðst hafa verið einn um gerð þeirra og ákveðið einn hin íslenzku orð við þær. Stjórnumerkin hafi hann tekið upp úr ýmsum bókum, máské þó með einhverjum breytingum. Hann hafi síðan útbúið eitt spjald með öllum tólf teikningunum á og sýnt það ákærða Hermanni, sem samþykkt hafi, að Pardus s/f gæfi það út. Ákærði Guðbergur Hermann kveðst síðan hafa talað við Þorgrím Einarsson, framkvæmdastjóra Lithoprents h/f, og sýnt honum spjaldið. Þorgrímur hafi fallizt á að sjá um prentun þess og hafi 2000 eintök verið gerð. Ákærði Hermann hafi tekið að sér að geyma um 1000 eintök, en ákærði Guðbergur Hermann kveðst hafa geymt hinn hlutann. Hann hafi svo rætt við Guðlaug Bergmann Daníelsson um að hann tæki að sér að selja nokkur spjöld, og telur hann sig muna það rétt, að hann hafi farið með um 200 eintök í því skyni í verzlun Karnabæjar h/f að Laugavegi 66. Ákærði Guðbergur Hermann segir, að ákærðu hafi eigi verið búnir að taka ákvörðun um sölu eða dreifingu á fleiri spjöldum en þeim, sem afhent voru Karnabæ h/f, og að sending spjalda í verzlun á Akranesi hafi hvorki verið gerð með ráði þeirra né vitund. Hann kveðst hafa gefið kunningjum sínum örugglega 50 og máské fleiri spjöld og telur, að enginn þeirra hafi verið undir 18 ára aldri.

Ákærði Hermann kveður, að ákærði Guðbergur Hermann hafi átt uppástunguna að útgáfu myndaspjaldanna og gert drögin að þeim. Hann hafi samþykkt, að Pardus s/f léti prenta spjöldin, og hafi ákærði Guðbergur Hermann séð um það. Hann heldur, að prentuð hafi verið um 2000 eintök og hafi fyrst verið komið með upplagið í skrifstofu Pardus s/f, en síðan hafi hann geymt hluta þess. Ákærði Guðbergur Hermann hafi séð um sölu og dreifingu spjaldanna, og kveðst ákærði Hermann ekkert hafa unnið að því. Hann telur, að spjöldunum hafi ekki verið dreift til annarra söluaðilja en Karnabæjar h/f, en hann getur ekki sagt um, hve mörg eintök fyrirtækið fékk eða hvort það keypti spjöldin eða hafði þau í umboðssölu. Hann kveðst hafa gefið kunningjum sínum nokkra tugi spjalda og hafi þeir verið eldri en 18 ára. Sum og máské flest spjaldanna hafi ákærðu gefið saman og oftast hafi þau verið gefin samkvæmt beiðni.

Vitnið Þorgrímur Einarsson framkvæmdastjóri, Skeggjagötu

17 hér í borg, ber, að á s. l. vetri hafi annar hvor hinna ákærðu komið til þess og spurt það að því, hvort hann gæti fengið prentað hjá Lithoprenti h/f myndaspjald, sem hann sýndi vitninu teikningu af.

Hafi það verið teikning af spjaldi því, sem mál þetta rís af. Vitnið kveðst hafa fallizt á að vinna verkið. Hafi fyrst verið tekin ljósmynd af teikingunni og síðan gerðar plötur af myndinni og að því loknu hafi spjaldið verið prentað. Ákærðu hafi báðir komið til vitnisins, þegar prentun spjaldanna var lokið, og hafi þeir verið ánægðir yfir því, hvernig til hafði tekizt. Vitnið hefur sýnt í sakadóminum tvö skjöl úr bókhaldi Lithoprents h/f. Samkvæmt þeim hefur Auglýsingateiknistofan Tigris beiðst þess hinn 17. desember f. á., að Lithoprent h/f gerði „plakat“ í 2000 eintökum, og er verklýsingin: filmutaka, plötutaka, prentun. Hafa 1000 eintök verið afhent 23. sama mánaðar og 1000 eintök 27. sama mánaðar. Umsamið verð verksins er talið vera kr. 19.000.00 auk söluskatts, kr. 209.00, eða samtals kr. 19.209.00. Kveður vitnið, að fjárhæð þessi hafi verið greidd með víxli, sem seldur var í Landsbanka Íslands. Vitnið segir, að ekki hafi hvarflað að því, að myndaspjaldið væri klám og gerð þess og dreifing refsiverð.

Landsbanki Íslands hefur látið dóminum í té ljósrít af víxli, útgefnum 23. desember 1971, af Lithoprenti h/f og samþykktum af Guðbergi Auðunssyni f. h. Auglýsingaskrifstofunnar Tigris, með gjalddaga 23. febrúar 1972, að fjárhæð kr. 19.209.00. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls 25. sama mánaðar.

Vitnið Sumarliði Veigar Óskarsson, verzlunarstjóri í verzlun Karnabæjar h/f að Laugavegi 66, til heimilis að Hlaðbæ 8 hér í borg, minnir, að rétt eftir seinustu áramót hafi það fengið boð frá Guðlaugi Bergmann um að taka á móti „plakötum“ til sölu og ætti útsöluverð þeirra að vera kr. 300.00 eintakið. Ákærðu eða annar hvor þeirra hafi svo komið með spjöldin og hafi þau verið í einum pakka og á miða á honum hafi staðið annað hvort 100 eða 200 stk. Engin nóta hafi fylgt pakknum og hafi vitnið ekki kvittað fyrir móttöku hans. Vitnið hafi opnað pakkann og hafi spjöldin í honum verið eins og spjöld þau, sem mál þetta rís af. Vitnið hafi ekki talið spjöldin, en það vefengir ekki, að þau hafi verið 200 talsins. Vitnið kveðst hafa sett eitt spjald út í glugga verzlunarinnar og næstu daga hafi selzt um eða yfir 80 eintök á kr. 300.00 hvert. Enn fremur hafi 10 eintök verið send upp á Akranes í verzlunina Eplið, sem Karnabær h/f eigi. Nokkrum dögum síðar kveðst vitnið hafa afhent lögreglunni myndaspjaldið í verzlun

unarglugganum og önnur spjöld, sem þar voru. Vitnið man nú aðeins óljóst eftir því, hverjir keyptu spjöldin, en minnir, að kaupendur þeirra hafi einkum verið á aldrinum 20—25 ára, og minnst þess ekki, að nokkur þeirra hafi verið yngri en 18 ára. Vitnið segir, að verzlunin að Laugavegi 66 sé auglýst sem tízkuverzlun unga fólksins og sé þar seldur fatnaður fyrir aldursflokka frá því um fermingu og til 25 ára. Auk fatnaðar séu seld þar hljómtæki og hljómplötur, einkum svonefnd „popphljómlist“.

Hinn 12. janúar s.l. lagði lögreglan á Akranesi hald á 7 veggspjöld í verzluninni Eplinu þar í umdæminu, og kvaðst verzlunarstjórnin hafa selt 3 spjöld.

Ákærði Guðbergur Hermann hefur ekkert haft að athuga við framburði vitnanna Guðlaugs Bergmanns og Þorgríms Einarssonar. Hann kveðst vera einkaeigandi Auglýsingateiknistofunnar Tigris og hafi sú stofa oft haft viðskipti við Lithoprent h/f. Hafi starfsmaður þess fyrirtækis sjálfsagt haldið, að Tigris væri verkbeiðandi, og því ritað það nafn, en ekki Pardus s/f. Þá segir ákærði Guðbergur Hermann, að fyrrgreint ljósrit víxils sé ljósrit víxils þess, sem hann samþykkti til greiðslu á kostnaði við gerð myndaspjaldanna, og sé víxillinn enn ógreiddur. Hann hefur ekkert haft að athuga við framburð vitnisins Sumarliða Veigars.

Hinn 12. janúar s.l. afhenti ákærði Guðbergur Hermann lögreglunni að sögn Þórðar Kristjánssonar lögreglumanns um 800 veggspjöld. Enn fremur afhentu ákærðu lögreglunni 25 sama mánaðar tvo pakka með veggspjöldum, sem voru á heimili ákærða Hermanns. Spjöld þessi voru ekki talin, en eftir því, sem fram hefur komið, héldu ákærðu, að þau væru lítið eitt innan við 1000 eintök, og kvittaði rannsóknarlögreglumaður fyrir viðtöku 950—1000 spjalda. Lagði sakadómurinn síðan hald á öll greind spjöld. Hinn 9. f. m. fór fram taling þeirra spjalda, sem eru í vörzlum sakadómsins. Reyndust þau vera 1594 eintök auk þeirra, sem komu frá Akranesi, svo og eins, sem rannsóknarlögreglan hafði til ljósmyndunar, og eins spjalds, sem lagt hefur verið fram í dómi, eða samtals 1603 spjöld.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur verið samþykkt, að máli þessu yrði lokið með sekt samkvæmt dómssátt, en ákærðu hafa hafnað þeim málslyktum. Telja þeir veggspjöldin ekki vera klám og því hafi þeir eigi framið refsiverðan verknað.

II.

Spjald það, sem mál þetta rís af, er 78 x 53 sm að stærð, prent-

að á 100 gr. pappír í tveim litum, svörtum og grænum. Á spjaldinu eru 12 jafnstórir ferningsreitir með hvítum grunn, en á hverjum er í efra vinstra horni stjörnumerki og út frá því heiti þess og tímabilið, er það tekur til. Aðalmyndin í miðjum hverjum reit sýnir konu og karl að ýmiss konar kynferðisleik. Sumar sýna beina samræðisstöður, en aðrar líkamsstöður einhliða eða gagnkvæmrar kynertingar. Undir hverri þessara mynda stendur heiti eins eiginleika. Yfirburðir, fjölhæfni (tvisvar), drenglyndi, hugvitssemi, varkárni, hugrekki, dugnaður, árvekni, mannúð, hugkvæmni og forsjálni. Ekki verður séð, að heiti þessi né heldur stjörnumerkin eigi nokkur merkingartengsl við aðalmyndina.

Kynlífsteikningarnar tólf eru skuggamyndir, „silhouettur“, en þó þannig, að helztu líkamslínurnar, sem ekki markast af fletinum sjálfum, eru sýndar negatívar, þ. e. hvítar. Sýnd stjörnumerkjanna er hins vegar öfug við þetta: Þau eru hvít á svörtum grunn og innlínurnar því svartar. Teikningarnar eru kunnáttusamlega gerðar, og í þeim er á engan hátt leitast við að draga neitt fram umfram líkamsstöðurnar, sem þær sýna, t. d. eru kynfæri ekki sýnd.

Spjald þetta er veggspjald, ætlað til þess að hanga uppi og því auðsætt hverjum, þar sem það er. Er að þessu leyti um að ræða beinni og opnari skírskotun myndanna heldur en væri í blaði eða bók.

Ekki verður séð, að veggspjald þetta helgist af neinum listrænum tilgangi né heldur neinum öðrum tilgangi en þeim að gera nefndar myndir að söluvarningi. Í því sambandi ber að líta á það, að eini staðurinn, þar sem spjöldin voru falboðin, var verzlun, sem höfðar mjög til ungs fólks með auglýsingum sínum og vörum þeim, er hún hefur á boðstólum.

Af hálfu ákærðu hefur ekki verið bent á neitt, sem hér á landi hefur verið gefið út myndaefnis, er gangi jafnlangt í klámkenda átt. Þykir dóminum ekki rétt, að hann gangi fram fyrir skjöldu til þess að rýmka mörkin í þessum efnem.

Samkvæmt þessu þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir gegn 210. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með tilliti til þess, að skiptar skoðanir geta verið um, hvað teljast skuli klám, og að ákærðu kunni að hafa haft nokkra ástæðu til að ætla, að gerð og dreifing fyrrgreindra veggspjalda væri innan marka þess, sem leyfilegt væri talið, þykir mega ákveða, að þeim skuli eigi refsing gerð.

Samkvæmt 69. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að gera upp-

tæk veggspjöld þau, sem hald hefur verið lagt á, eins og að framan greinir.

Ákærðu ber að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00.

Dóm þennan kveða upp Þórður Björnsson yfirsakadómari sem dómsformaður og meðdómendur Björn Th. Björnsson listfræðingur og Knútur Hallsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Guðbergi Hermanni Auðunssyni og Hermanni Auðunssyni, er eigi refsing gerð.

Framangreind veggspjöld, sem hald hefur verið lagt á, skulu upptæk vera.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 32/1972: **Gunnar Pálmason**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Ákasyni

Sveini K. Guðjónssyni og

Óskari Jóni Guðjónssyni

(Sigurður Baldursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Uppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. febrúar s. á. Dóm-